

*Fundarboðandi:* Sigurborg Daðadóttir *Fundarstaður:* Matvælastofnun, Dalshraun 1b Hafnarfirði

*Fundarstjóri:* Sigurborg Daðadóttir *Dagsetning:* 22. maí 2019

*Fundarritari:* Sigurjón Njarðarson *Fundartími:* 13:00 – 14:30

*Pátttakendur:* Sigurborg Daðadóttir (Yfirdýralæknir, formaður Fagráðs), Ólafur R. Dýrmundsson (f.h. Dýraverndunarsambands Íslands og Sigurjón Njarðarson (Starfsmaður Fagráðs um velferð dýra). Katrín Andrésdóttir (f.h. Dýralæknafélags Íslands), Erna Bjarnadóttir (f.h. Bændasamtaka Íslands), Henry Alexander Henrysson (f.h. Siðfræðistofnunar HÍ) og Sigríður Björnsdóttir (sérfræðimat á dýratilraunum f.h. MAST) sátu fundinn í gegnum fjarfundarbúnað.

## Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Umsóknir um dýratilraunir
3. Önnur mál

## Umræða

- 1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykkis/synjunar**  
Fundargerð hafði verið samþykkt fyrir fundinn og birt á heimasíðu Matvælastofnunar.
- 2. Umsagnir um umsóknir til dýratilrauna**
  - a. Krabbameinsrannsóknir (*cancer research*). Endurnýjuð umsókn, þar sem gildistími fyrra leyfis var útrunnið. Efnislega sama rannsókn, utan þess að tilraunadýrum var fjölgað. Fagráðið veitir samhljóma jákvæða umsögn.
- 3. Önnur mál**
  - a. Almennt um mat á umsóknum til dýratilrauna með tilliti til krafna um ábyrgðarmenn dýratilrauna – Sérfræðingur MAST í dýratilraunum og starfsmaður Fagráðs kynntu sjónarmið um skil á faglegu mati MAST á umsóknum og svo umfjöllun Fagráðs. Allir aðilar eru sammála um að mat á hæfi ábyrgðarmanna sé í höndum sérfræðings MAST, sama gildir um aðra formlega þætti umsókna.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 14:30.